

**Nd.**

**658. Nefndarálit**

[125. mál]

um frv. til l. um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga og Barnavinafélaginu Sumargjöf.

Svar hefur enn þá ekki horizt frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, en í svarbréfi Sumargjafar, dags. 4. þ. m., segir:

„Því miður höfum við ekki getað athugað frumvarpið nægilega vegna annríkis nú um sumarmálin til þess að gefa fullnægjandi svar um innihald þess, að okkar dómi. En nú höfum við sett þetta í athugun innan stjórnar Sumargjafar, og jafnframt til skólastjóra Fóstruskólans, og vonumst til að geta síðar látið álit okkar í ljós.“

Nefndin telur, að með frumvarpi þessu sé hreyft merku og þörfu máli, en álitur hins vegar, að það þurfi nánari athugunar og undirbúnings við.

Þess vegna leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 11. maí 1963.

Guðlaugur Gíslason,      Birgir Finnsson,      Matthías Bjarnason.  
form.                              fundaskr., frsm.

Jón Skaftason.      Ágúst Þorvaldsson.